

**Mál nr. 2/2014**  
**Snæfell**  
**gegn**  
**Uchechukwu Michael Eze**

**Dómkröfur:**

Að leikurinn verði spilaður aftur í reykjavík kvi skaffar völl og dómara.  
Til vara að loka mínútur leiksins verða dæmdar ógildar eftir 92 mín  
Og leikurinn fari 1-1

**Málavextir:**

Á 92 mínútu leiksins er dæmd aukaspyrna á snæfell út við miðlinu alveg út við hægri kant þar sem varamenn eru,lyftir dómariinn þá gulu spjaldi á leikmann nr 9 hjá snæfelli, Og skráir það hjá sér en einhverra hluta vegna sér hann á spjaldinu að téður leikmaður sé búinn að fá spjald fyrir í leiknum og þar af leiðandi kominn með tvö gul og sínir honum þar af leiðandi rauða spjaldið og vísar honum af velli.Núna hefjast leiðindin,leikmaðurinn gengur af velli eins og dómariinn skipar honum að gera en aðstoðarþálfariinn er ekki sáttur og gengur að hliðarlínu og mótmælir dómimum,og þá skerst spilandi þjálfari í leikinn líka og fer og ræðir við umræddan dómara.á þessum tímapunkti er fyrirliði liðsins meiddur utanvallar að fá aðhlinningu eftir brot þar sem dómariinn dæmir víti og er hann enn utanvallar,þegar að hann svo visar téðum leikmanni nr 9 af velli á 92 mín leiksins og þálfari og aðstoðar þálfari eru að ræða við dómara um að leikmaður nr 9 hafi ekki fengið spjald áður í leiknum heldur leikmaður nr 6.

Þegar þarna er komið við sögu eru 2 leikmenn utanvallar og þjálfariinn sem er miðvörður liðsins staddur upp við miðlínu hægramegin að ræða við dómara um um hversu rángt þetta sé og biður dómara um að tala við aðstoðar dómara vinstra megin sem er sveinn þór og skráði atvikið þegar dómariinn taldi að leikmaður nr 9 hefði fengið fyrra spjaldið og þar af leiðandi rautt á 92 mínútu leiksins,en var í raun leikmaður nr 6.

Af þessum sökum er leikurinn stopp leikmenn ekki í stöðum og allir frekar pirraðir.

Þjálfari Snæfells miðvörður liðsins staddur enn að ræða við dómara (enn staddur upp við miðlínu) snýr sér við til að kalla á leikmann lumunnar sem fekk spjald á sama tíma og leikmaður nr 6 hjá snæfelli (ekki leikmaður nr 9)þá flautar dómariinn og gefur lumunni leyfi til að taka aukaspyrnuna,sjálfur er dómariinn staddur inná vallahelmingi lumunnar þar sem aukaspyrnan er tekinn.Úr þessari aukaspyrnu skorar lumman mark.

Þjálfari liðsins sem er miðvörður er staddur hjá dómara um á þessum tíma svo ekki sé minnst á meidda manninn og þann sem fekk rautt spjald.Þannig að annsi marga vanntar í vörn liðsins svo ekki sé minnst á að einginn var viðbúinn að dómariinn staddur upp við miðlínu mundi flaut leikinn á.Ok hann gerði það og lumman skoraði mark,hvað gerir dómariinn þá,Jú hann fer og talar við téðann línuvörð Svein Þór og ráðfærir sig við hann Um atvikið á undan sem ég sem þjálfari snæfells reyndi að fá hann til að gera, Og víti menn hann lét dómara leiksins vita að leikmaður nr 6 hefði fengið umrætt spjald ekki leikmaður nr 9,hvað gerir dómariinn? Jú gengur þvert yfir völlinn og gefur leikmanni nr 9 leyfi til að koma inná og hefja leik á miðju eftir að lumman er búin að skora mark!!!

**Tilvísun:**

Bara almennra laga um fer play

- skal dómariinn ekki dæma markið gilt ef:  
- viðbótareinstaklingurinn var utanaðkomandi aðili sem hafði áhrif á leikinn

Dómarinn getur því aðeins breytt úrskurði sínum komist hann að raun um að hann sé rangur eða fer að eigin mati eftir ráðleggingu aðstoðardómara eða fjórða dómara, enda hafi hann **ekki** hafið leik að nýju eða slitið leiknum.

**Röksemdir:**

Dómarinn hefur leik og breytir síðan og hefur þetta þau áhrif að lumman er í raun með viðbótar eistakling inn á vellinum þar sem dómarinn er búinn að hafa afskipti af fjölda leikmanna snæfells, og hefur hann mikil áhrif á að leikmenn snæfells eru ekki staðsettir eins og þeir ættu að vera þegar aukaspyrnan er tekin vegna rángra dómgæslu og rauða spjaldsinn sem hann tók svo til baka, hafði þar af leiðandi óeðlilega mikil afskipti af leiknum sem tapast af þessum sökum.

**Vitni:**

Aðstoðar dómara í umræddum leik

Róbert Arnar Stefánsson og

Sveinn Þór Þorvaldsson

Undirskrift:

Þróstur Friðberg Gíslason

Páll margeir sveinsson

**Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ**

Ár 2014, þriðjudaginn 19. ágúst er fundur/dómþing haldinn/haldið í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af dómsformanni Gunnari Guðmundssyni.

**Fyrir er tekið málið nr. 2/ 2014**

Knattspyrnudeild Snæfells

gegn

Uchechukwu Michael Eze

Gögn málsins merkt nr. 1 (kæra) og 2 (leikskýrsla) liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

**FRÁVÍSUNARÚRSKURÐUR:**

Kæra frá kæranda, Knattspyrnudeild Snæfells, kt.600269-6079, Borgarbraut 4, Stykkishólmi á hendur kærða, Uchechukwu Michael Eze, kt. 1709712139, Vallarbraut 5, Akranesi barst

skrifstofu KSÍ innan kærufrests vegna atviks í leik kæranda og Lummunnar þann 12. ágúst s.l. á Íslandsmóti í A riðli 4.deildar karla.

Dómkrafa kæranda er eftirfarandi:

„Að leikurinn verði spilaður aftur í reykjavík ksi skaffar völl og dómara.

Til vara að loka mínútur leiksins verða dæmdar ógildar eftir 92 mín

Og leikurinn fari 1-1“

Þegar litið er á hinn kærða í þessu máli verður ekki talið að dómkröfur kæranda séu dómtækar og verður þegar af þeirri ástæðu að vísa þessu máli frá Aga og úrskurðarnefnd KSÍ.

Gunnar Guðmundsson

Ákvæði úr reglugerð KSÍ um Aga-og úrskurðarmál:

„3. Sé kærúmáli vísað frá vegna formgalla hefur kærandi þriggja daga frest til að leggja fram nýja og bætta kæru til nefndarinnar. Frestur telst byrja að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagar skulu ekki taldir með.“